

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skagafirði.

Deiliskipulag – Flæðar á Sauðárkróki.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 45. fundi sínum 21. janúar 2026, nýtt deiliskipulag fyrir Faxatorg - Flæðar á Sauðárkróki í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir heildstæðu yfirbragði fyrir áformaða uppbyggingu menningarhúss og umhverfis. Skapaðar eru forsendur fyrir öruggu umferðarflæði gangandi, akandi og hjólandi vegfarenda. Uppdrátturinn sýnir afmörkun lóða, byggingarreiti, götulínur, helstu byggingarskilmála og skýringaruppdrætti.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur deiliskipulag frá árinu 1997 úr gildi fyrir svæðið.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 25. mars 2026.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 31. mars 2026